

3. september 2024

Umhverfis- og skipulagssvið

Umsögn Íbúaráðs Árbæjar- og Norðlingaholts

Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts hefur tekið til umsagnar fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi (Stakar húsbyggingar á opnum svæðum OP15 & OP28).

Um er að ræða minniháttar breytingar á skipulagi sem takmarkast fyrst og fremst við lönd í einkaeign. Þar er einnig verið að skerpa á heimildum og réttindum lóðarhafa og eigenda húsa. Svæðið sem snýr sérstaklega að Árbæ og Norðlingaholti er OP15. Íbúaráðið telur það vera af hinu góða að skerpa á réttindum og heimildum á svæðinu og telur að öðru leyti ekki að fyrirhugaðar breytingar komi til með að hafa neikvæð áhrif á umhverfi eða hagsmuni íbúa í hverfinu. Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts gerir því ekki sérstakar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

F.h.

Íbúaráðs Árbæjar- og Norðlingaholts

Þorkell Heiðarsson, formaður